

Ed.

166. Lög

um framlenging á gildi laga nr. 30, 22. okt. 1912, laga nr. 44, 2. nóv. 1914, laga nr. 45, s. d., og laga nr. 3, 5. júní 1918.

(Afgreidd frá Ed. 25. júlí).

1. gr.

Lög nr. 30, 22. okt. 1912, um vörutoll, ásamt lögum nr. 44 og 45 frá 2. nóv. 1914 (sbr. lög nr. 43, s. d.), svo og lög nr. 3, 5. júní 1918, um hækkun á vörutolli, skulu vera í gildi til ársloka 1921, með þeim viðauka, að fisk-umbúðir úr striga, sem eru endursendar, skulu taldar með vörum þeim, er samkvæmt 1. gr. laga nr. 30, 22. okt. 1912, eru undanþegnar vörutolli.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1920.